

10.04.2025



Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.: Ársreikningur fyrir 1. mars 2024 til 28. febrúar 2025

Ársreikningur samstæðu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir tímabilið 1. mars 2024 – 28. febrúar 2025 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum 10. apríl 2025.

Helstu niðurstöður árs hlutareiknings fyrir fjórða ársfjórðung fjárhagsársins 2024 (Q4) eru:

- **EBITDA fjórðungsins var 1,2 ma. kr. og jókst um 14% á milli ára.**
- **Velta jókst um 1,1% á milli ára.**
- **Hagnaður eftir skatta var 454 millj. kr. og hækkaði um 31 millj. kr.**
- **Á tímabilinu var tilkynnt um kaup á Gæðabakstri, Kjarnavörum og Ankra**

Helstu niðurstöður fjárhagsársins 2024 eru:

- **EBITDA fjárhagsársins nam 5.040 millj. kr. samanborið við 5.504 millj. kr. á fyrra ári, sem jafngildir 8,4% lækkun milli ára. Áður útgefin afkomuspá var 4.900-5.300 millj. kr.**
- **Vörusala samstæðu Ölgerðarinnar jókst um 0,8% miðað við árið áður**
- **Að teknu tilliti til einkiptisliða á fyrra ári ásamt kostnaði vegna markaðssetningar Collab erlendis upp á 319 millj. kr. á árinu 2024 lækkaði hagnaður eftir skatta um 155 millj. kr. eða um 5%**
- **Hagnaður eftir skatta var 2,4 ma. kr. á fjárhagsárinu og lækkaði um 26% á milli ára.**
- **Eigið fé í lok Q4 2024 nam 16,4 ma. kr. og var eiginfjárhlutfall 49,3% samanborið við 49,1% við lok síðasta fjárhagsárs.**
- **Nettó vaxtaberandi skuldir ásamt leiguskuldbindingu voru 7,4 ma. kr. í lok Q4 2024 og hækkuðu um 1.690 millj. kr. á árinu.**
- **Afkomuspá stjórnenda samstæðu Ölgerðarinnar fyrir fjárhagsárið 1. mars 2025 – 28. febrúar 2026 gerir ráð fyrir 4.800 – 5.200 millj. kr. EBITDA, án áhrifa af ytri vexti. Í afkomuspá er gert ráð fyrir að nettó áhrif til lækkunar á EBITDA verði 354 millj. kr. vegna útflutnings á Collab.**

Rekstur Q4 2024 (millj. kr.)

Rekstrarreikningur Q4 2024	Q4 2024	Q4 2023	Breyt.	% Breyt
Vörusala	10.437	10.323	115	1%
Áfengis- og skilagjald	2.628	2.550	78	3%
Vörunotkun	4.061	4.108	-48	-1%
Annar framleiðslukostnaður	203	167	36	21%
Framlegð	3.546	3.497	49	1%
Aðrar tekjur	34	9	25	275%
Laun og launatengd gjöld	1.380	1.368	12	1%
Sölu- og markaðskostnaður	347	457	-109	-24%
Annar kostnaður	684	657	27	4%
EBITDA	1.169	1.025	144	14%
Afskriftir	302	270	32	12%
EBIT	867	755	112	15%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	160	244	-85	-35%
Hagnaður fyrir skatta	707	511	196	38%
Tekjuskattur	253	88	165	187%
Hagnaður e skatta	454	422	31	7%

Rekstur félagsins á ársfjórðungnum skilaði um 14% hærra EBITDA en á sama tímabili í fyrra. Mikil aukning var í sölu á snyrtivörum á fjórðungnum, enda jókst vöruúrvalið umtalsvert með tilkomu Luxe hluta L’Oreal. Bjórsala var í áframhaldandi vexti og sala til hótela og veitingastaða jókst um 12% á fjórðungnum. Þá stóðu laun nokkurn veginn í stað þrátt fyrir talsverða fjölgun starfsmanna sem helgast m.a. af minni hvatagreiðslum. Áframhaldandi aðhald var í sölu- og markaðskostnaði.

Efnahagsreikningur	28.2.2025	29.2.2024	Breyt.	% Breyt
Eignir	33.184	30.665	2.518	8%
Eigið fé	16.375	15.047	1.328	9%
Eiginfjárlutfall	49,3%	49,1%	0,3	
Vaxtaberandi skuldir og leigusk.	8.719	7.279	1.440	20%
Handbært fé	1.273	1.524	-251	-16%
Nettó vaxtaberandi skuldir og leigusk.	7.445	5.755	1.690	29%
EBITDA sl. 12 mán	5.040	5.504	-464	-8%
NIDB/EBITDA sl. 12 mán	1,5	1,0	0,4	

Nettó vaxtaberandi skuldir, að viðbætti 124 millj. kr. húsaleiguskuldbindingu, voru 7.445 millj. kr. í árslok. Það er hækkun um 1.690 millj. kr. á fjárhagsárinu. Fjárfestingar ársins námu samtals um 3.030 millj. kr. og þar af var 1.622 millj. kr. vegna fjárfestingar í nýju vöruhúsi að Köllunarklettsvegi 6. Á árinu var greiddur 1.419 millj. kr. arður til hluthafa. Fjárbinding í veltufjármunum jókst jafnframt á árinu.

Fjárfestingar ársins 2024 voru 3.030 millj. kr. Stærsta fjárfestingin, um 1,6 ma kr., var kaup á KK6 fasteignafélagi ehf. sem á 2.300 fm vöruhús að Köllunarklettsvegi 6. Vinna við tvöföldun á vöruhúsinu er hafin og er gert ráð fyrir að sú framkvæmd kosti um 1.100 millj. kr. Aðrar hefðbundnar fjárfestingar eru áætlaðar 1.526 millj. kr.

Meðalvextir skulda samstæðunnar í íslenskum krónum voru 9,7% í lok fjárhagsársins.

Rekstur 12 mán 2024 (millj. kr.)

Rekstrarreikningur 12 m 2024	2024	2023	Breyt.	% Breyt
Vörusala	45.724	45.375	349	1%
Áfengis- og skilagjald	11.744	11.563	181	2%
Vörunotkun	17.785	17.997	-212	-1%
Annar framleiðslukostnaður	890	657	233	35%
Framlegð	15.305	15.158	147	1%
Aðrar tekjur	60,9	49,0	12,0	24%
Laun og launatengd gjöld	5.270	4.931	339	7%
Sölu- og markaðskostnaður	2.579	2.402	177	7%
Annar kostnaður	2.476	2.369	107	5%
EBITDA	5.040	5.504	-464	-8%
Afskriftir	1.139	1.032	107	10%
EBIT	3.901	4.472	-570	-13%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	761	491	270	55%
Hagnaður fyrir skatta	3.140	3.980	-840	-21%
Tekjuskattur	707	677	30	4%
Hagnaður e skatta	2.433	3.304	-870	-26%

Velta fjárhagsársins stóð nánast í stað á milli ára. Lítilsháttar vöxtur var í sölu til stórmarkaða og HORECA en samdráttur t.d. til skyndibitastaða og bensinstöðva.

Sala hjá Iceland Spring lækkaði um 2% milli ára en EBITDA dótturfélagsins hækkaði um 4%.

EBITDA samstæðunnar lækkaði um 464 millj. kr. milli ára. Mest áhrif til lækkunar hefur kostnaður vegna markaðssetningar Collab drykkjarins erlendis, eða 319 millj. kr.

Hagnaður eftir skatta var 2.433 millj. kr og lækkaði um 870 millj. kr. Ef leiðrétt er fyrir 386 millj. kr. einskiptis hlutdeildartekjum á árinu 2023 og kostnaði vegna Collab markaðssetningar erlendis er lækkun hagnaðar 155 millj. kr. milli ára, eða 5%.

Í janúar og febrúar var tilkynnt um fyrirhuguð kaup Ölgerðarinnar á Gæðabakstri og Kjarnavörum. Kaupin eru með hefðbundnum fyrirvörum um áreiðanleikakönnun og samþykki Samkeppniseftirlitsins

Gæðabakstur er framleiðslubakarí, stofnað árið 1993. Fyrirtækið veltir um 3,4 ma kr. og veitir um 116 manns atvinnu. EBITDA var um 468 millj. kr. á síðasta ári. Kaupverð miðast við heildarvirði félagsins, 3.454 millj. kr. og verður kaupverðið, um 2.700 millj. kr., greitt með reiðufé. Kaupverð gæti hækkað um allt að 100 millj. kr. náist ákveðin rekstrarmarkmið á næstu

tveimur árum. Gæðabakstur á um 5.000 fm fasteign við Lynghál í Reykjavík með byggingarétti á 3.000 fm til viðbótar.

Kjarnavörur er framleiðslufyrirtæki, stofnað árið 1989. Fyrirtækið veltir, ásamt dótturfélögum, um 4,0 ma. kr. og veitir um 33 manns atvinnu. Kjarnavörur eiga Ísbúð Vesturbæjar, 67% í Nonna Litla og 59% í Innbak. Samtals nam EBITDA þessara félaga um 574 millj. kr. á síðasta ári. Félögin eiga fjórar fasteignir sem samtals eru um 3.000 fm að stærð. Heildarvirði félagsins er 3.970 millj. kr., félagið er nánast skuldlaust og verður kaupverðið greitt með reiðufé.

Kaup Ölgerðarinnar á þessum fyrirtækjum falla vel að stefnu og kjarnastyrkleikum félagsins. Bæði þessi fyrirtæki eiga það sameiginlegt að vera á markaði með mun stærri samkeppnisaðila, mikla möguleika á vörumerkjauppbyggingu og vöruþróun. Fyrirséð er að hægt sé að hagræða verulega í framleiðslu hjá Kjarnavörum með að flytja framleiðslu og vörulager á einn stað. Vonir standa til þess að hægt verði að nýta núverandi lagerhúsnæði Ölgerðarinnar í því skyni þegar vöruhús á Hólmsheiði er tilbúið.

Í lok febrúar var samið um kaup Ölgerðarinnar á Ankra en það félag fær réttindagreiðslur af sölu Collab og hefur milligöngu um sölu á kollageni til framleiðslunnar. Heildarvirði Ankra í viðskiptunum miðast við 600 millj. kr. og eru jákvæð áhrif á 12 mánaða EBITDA um 120 millj. kr. Kaupin auka sveigjanleika til frekari vöruþróunar og framlengingar á vörumerkinu Collab.

Útflutningur á Collab gengur samkvæmt áætlun. Náðst hafa fleiri samningar við söluaðila í Danmörku og er lögð áhersla á að varan sé á boðstólum í fyrirtækjum og minni verslunum. Sala í Þýskalandi hefst í lok maí og er undirbúningur á lokastigum. Sérstök áhersla verður lögð á Hamborg og nágrenni. Áætlað er að nettó áhrif á EBITDA vegna sölu- og markaðsaðgerða erlendis verði neikvæð um 354 millj. kr. á fjárhagsárinu 2025.

Fjárfestingar í ytri vexti ásamt lóð á Hólmsheiði og byggingu vöruhúss á Köllunarklettsvegi verða fjármögnuð með lántöku. Ölgerðin er vel í stakk búin að takast á við frekari skuldsetningu í ljósi þess að skuldir félagsins hafa lækkað á undanförunum árum. Lánsfjármögnun er þegar tryggð á góðum kjörum fyrir félagið.

Útlit er fyrir að skuldsetning hækki á árinu 2025 um 7,5 ma. kr. vegna fjárfestinga. Aukningin er um 1,5 x EBITDA þannig að heildarskuldir félagsins í lok fjárhagsársins 2025 stefna í um 3 x núverandi EBITDA.

Að loknum kaupum á Gæðabakstri og Kjarnavörum og viðbyggingu við Köllunarklettsveg, verða fasteignir í eigu samstæðunnar um 35.000 fm ásamt byggingarrétti við Lynghál og á Hólmsheiði.

„Ölgerðin býr yfir miklum möguleikum til bæði innri og ytri vaxtar og á þessum ársfjórðungi hefur náðst verulegur árangur á báðum þessum sviðum. Með kaupum á þremur öflugum fyrirtækjum, Gæðabakstri, Kjarnavörum og Ankra, höfum við fylgt eftir skýrri framtíðarsýn okkar um ytri vöxt og á sama tíma eftl vörumerkjauppbyggingu okkar, vöruþróun og nýsköpun. Ölgerðin býr yfir afar sterkum, gamalgrónum vörumerkjum sem íslenskir neytendur kunna vel að meta og þar eru fjölmörg tækifæri til eflingar og frekari sóknar. Félagið heldur áfram vinnu við markaðssetningu á Collab á erlendum mörkuðum og er óhætt að segja að fyrstu viðbrögð lofi góðu um framhaldið. Á sama tíma ríkir ákveðin óvissa um áhrif tolla á sölu íslenskra vara til Bandaríkjanna og við bíðum eftir að sjá hvort og þá hvaða

áhrif mögulegir tollar hafa t.d. á innflutning á vatni á miklum samkeppnismarkaði. Við horfum samt bjartsýnum augum til framtíðar og hlökkum til að takast á við þau verkefni sem framundan eru,“ segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.